

Minnisblað - Varðandi fyrirspurn frá bæjarstjórnarfundum þann 3. október 2018

1509727– Íþróttafélög þjónustusamningur

Undirrituð þakkar fyrir svar fjármálastjóra.

Um er að ræða 80% eignarhlut í parkethúsi að Kaplakrika sem í bókum bæjarins er metið á 92 milljónir, en fasteignamat er mun hærra.

Áætluð rekstrarniðurstaða A-hluta bæjarsjóðs eru 154 milljónir, sem þýðir að ef eignarmat á eignarhlut bæjarins væri í samræmi við fasteignamat færi A sjóður í mínus. Um það snerist fyrirspurnin í upphafi.

Einnig ítrekar bæjarfulltrúi Bæjarlistans þá staðreynd að lagalegur vafi leikur á réttmæti gjafagjörnings af þessu tagi, þ.e. hvort bær má gefa húseign úr safni sínu, samanber framlagt minnisblað Andra Árnasonar lögmanns.

Adda María kemur einnig að svohljóðandi bókun fyrir hönd fulltrúa Samfylkingar:

Hér liggur loksins fyrir svar við fyrirspurn sem fulltrúar flokka sem skipa minnihluta bæjarstjórnar lögðu fram þann 15. ágúst sl. Með svarinu fæst staðfesting á því að það að gjaldfæra nú gjafagjörning á 80% hluta bæjarins í íþróttahúsi í Kaplakrika hafi neikvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins.

Í framlögðum svörum hefur ítrekað verið vísað í að bókfært virði íþróttahússins sé 92 milljónir króna. Í gögnum er hins vegar að finna verðmat á íþróttahúsinu frá 2017 þar sem söluverð þess er metið yfir 425 milljónir. Í ljósi þess óska fulltrúar Samfylkingar svara við því, eigi síðar en á næsta fundi bæjarstjórnar, hvort ekki eigi að framreikna virði eignarinnar og vinna út frá því við skiptingu eigna í Kaplakrika?

Svar við fyrirspurn er beinist að bókhaldi bæjarins og rekstrarniðurstöðu:

Vísað er í fyrra svar við fyrirspurn um áhrif af því að færa eignarhlut bæjarins á parkethúsi úr bókum bæjarins. Áhrifin yrðu að hámarki 92 milljónir og A- sjóður væri með jákvæða rekstrarniðurstöðu er næmi 62 milljónum króna í stað 154 milljóna króna skv. upphaflegri fjárhagsáætlun. Á næstu síðu er svar frá 25. September 2018 við fyrirspurn varðandi áhrif á bókhald bæjarins og rekstrarniðurstöðu. Ekki ber að framreikna virði eignarinnar við það að færa hana úr bókum bæjarins. Bókhaldsvirði miðast við afskrifað kaupverð en ekki fasteignamat.

Til nánari útskýringar:

Gjörningurinn kallar á gjaldfærslu allt að 92 milljónir króna samanber fyrra svar og hefur því að sjálfsögðu neikvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu sem því nemur. Þetta þarf að gera þegar eignaskiptin liggja fyrir óháð því hvort rammasamkomulag við FH hefði verið gert eða ekki. Þetta er hins vegar einungis bókhaldsleg aðgerð þ.e. kallar ekki á útgjöld/sjóðstreymi þar sem ekki þarf að inna neinar greiðslur af hendi heldur er um afskrift á áður bókfærðu virði að ræða.

Hér fyrir neðan er tafla sem útskýrir áhrifin tölum á fjárhagsáætlun ársins– fyrir og eftir aðgerð:

Fjárhagsáætlun 2018 - áhrif*þús.kr.*

	Fyrir afskrift	Eftir afskrift á bókf.virði
Rekstrarniðurstaða fyrir aðgerð	739.788	739.788
Gjaldfærð afskrift fasteignar (allt að 92 m.kr.)	0	-92.000
Rekstrarniðurstaða eftir aðgerð	739.788	647.788

Hér hefur hagnaðaur ársins lækkað um allt að 92 m.kr.

	Sjóðstreymi Fyrir afskrift	Sjóðstreymi Eftir afskrift
Niðurstaða ársins	739.788	647.788
Afskriftir	943.670	1.035.670
Br.skuldbindinga	-6.880	-6.880
Verðbætur og gengismunur	754.712	754.712
Breyting lífeyrisskuldbindinga	1.048.666	1.048.666
Veltufé frá rekstri	3.479.955	3.479.955

Þar sem afskrift/niðurfærsla á bókhaldslegu virði kallar ekki á útgjöld er sjóðstreymi óbreytt

Hafnarfirði, 15. október 2018

Rósa Steingrímsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs